


Rekstrarfélagið Braut ehf

**Skýrsla um grænt bókhald
svínabús í Brautarholti 2006**



Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess	3
1.1 Almennar upplýsingar	3
1.2 Starfsleyfi	3
1.3 Þættir sem starfsleyfið gildir fyrir og færa á grænt bókhald yfir	3
1.4 Staðsetning	3
1.5 Framleiðsluferli	3
1.5.1 Gothús	3
1.5.2 Smágrísældi	3
1.5.3 Eldisgrísældi	3
1.5.4 Slátrun	4
1.5.5 Fóðrun og fráveita úrgangs	4
1.6 Stærð fyrirtækisins	4
1.7 Umhverfisþættir í grænu bókhaldi	4
1.8 Þátttaka starfsmanna að grænu bókhaldi	4
2. Yfirlýsing stjórnar	5
3. Staðfesting endurskoðenda	5
4. Umhverfisstefna Rekstrarfélagsins Brautar ehf	6
5. Lykiltölur	6
5.1 Framsetning	6
5.2 Takmarkandi ákvæði í starfsleyfi	6
5.3 Framleiðsla og fjöldi dýra	6
5.4 Hráefni, hjálparefni og auðlindir	6
5.4.1 Hráefni	6
5.4.2 Hjálparefni	7
5.4.3 Auðlindir	7
5.5 Umhverfisþættir	7
5.5.1 Mengunarþættir í framleiðsluferli og -vörum	7
5.5.2 Mengunarefni í frárennsli	7
5.5.3 Mengunarefni í útblæstri, lyktarmengun	7
5.5.4 Annar lífrænn úrgangur	8
5.5.5 Annar úrgangur	8
5.5.6 Mengunarefni	8
5.5.7 Eigið eftirlit og skráningar	8

1 Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess

1.1 Almennar upplýsingar

Nafn:	Rekstrarfélagið Braut ehf
Kennitala:	580696-2019
Heimili:	Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Starfsstöð:	Brautarholt, Kjalarnesi
Númer fyrirtækjaflokks:	6.6
Tímabil sem grænt bókhald nær yfir:	1. janúar – 31. desember 2006
Stjórn Rekstrarfélagsins Brautar ehf:	Óskar Jónsson Helgi Sigurðsson hrl
Tengiliður græns bókhalds:	Björn Jónsson bústjóri

1.2 Starfsleyfi

Gildistími:	19. nóvember 2002 - 19. nóvember 2007
Útgefandi:	Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkurborgar.
Eftirlitsaðili:	Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkurborgar.

Sérstakt starfsleyfi gildir um starfsemi nýrra hreinsivirkja fyrir mykju. Gildistími hreinsivirkjanna er sá sami og fyrir aðra starfsemi búsin.

1.3 Þættir sem starfsleyfið gildir fyrir og færa á grænt bókhald yfir

Pauleldi svína með fleiri en 2.000 alisvín yfir 30 kg sbr. grein 6.6. í reglugerð 851/2002.

1.4 Staðsetning

Svínabú Rekstrarfélagsins Brautar ehf er staðsett í Brautarholti á Kjalarnesi. Í beinni loflínu er búið staðsett um 2 km frá Grundarhverfi á Kjalarnesi, 12 km frá Mosfellsbæ og í um 15 km frá Reykjavík.

1.5 Framleiðsluferli

Á svínabúinu eru framleiddir eldisgrísir til slátrunar og fráfarugrísir sem seldir eru til annarra búa. Helstu þættir í starfseminni eru gotdeild smágrísaeldi, eldisgrísaeldi, fóðurstöð og hreinsivirki.

1.5.1 Gotdeild

Í gothúsum eru grísir aldir frá fæðingu til 7 – 8 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 4 vikur. Grísir eru undir gyltum í þessum hluta eldisins og eru því aldir á mjólk auk fóðurs.

1.5.2 Smágrísaeldi

Í smágrísaeldi eru grísir aldir allt til 25-30 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 7 vikur.

1.5.3 Eldisgrísaeldi

Í eldisgrísaeldi eru grísir aldir í 90-100 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 14-15 vikur. Heildar eldistími er því að jafnaði um 25-26 vikur.

1.5.4 Slátrun

Í lok eldistímans eru grísirnir fluttir til slátrunar. Að lokinni slátrun er kjötið flutt til kaupenda.

1.5.5 Fóðrun

Svínabúið framleiðir eigið fóður í fóðurstöð sinni. Framleitt er fóður vegna fóðrunar á öllum stigum eldisins. Í fóðurstöðinni er kornið malað og því blandað saman við önnur íblöndunarefni og búin til sérhæfð fóðurblanda fyrir hvert eldisstig. Þessum fóðurböndum er síðan dælt inn í svínahúsin í gegnum fóðurkerfi búsins.

1.5.6 Hreinsivirki

Hreinsivirki er starfrækt við búið. Hreinsivirkið tekur við mykju úr flórum svínahúsanna og skilur að þurr- og blauthluta efnisins. Blauthluta er dælt á haf út en þurrhlutinn er borinn á tún í landi Brautarholts. Verið er að vinna áhættumat fyrir þennan þátt.

1.6 Stærð fyrirtækisins

Árið 2006 voru 7 fastráðnir starfsmenn við svínabú Rekstrarfélagsins Brautar ehf í Brautarholti. Heildarframleiðsla svínabúsins á árinu 2006 var 9.456 sláturgrísir og 3.102 fráfarugrísir sem seldir voru til annara búa.

1.7 Umhverfispættir í grænu bókhaldi

Í starfsleyfi svínabúsins í Brautarholti er kveðið á um starfsreglur og skilyrði vegna þeirra umhverfispáttá sem helst eru taldir geta haft neikvæð áhrif á umhverfið. Þættirnir eru:

- Umfang eldisins
- Söfnun, úrvinnsla og fráveita úrgangs frá svínahúsum
- Geymsla og förgun á lífrænum úrgangi

Í skýrslunni er lögð áhersla á að greina þessa þætti.

1.8 Aðkoma starfsmanna að grænu bókhaldi

Björn Jónsson, bústjóri Rekstrarfélagsins Brautar ehf annast stærstan hluta gagnaöflunar varðandi grænt bókhald hjá fyrirtækinu. Hann heldur utan um magntölur varðandi eldsneyti, íblöndunarefni, hreinsiefni, ýmsar rekstrarvörur og smurefni, auk talna um slátrun. Bústjóri annast utanumhald um fóðurnotkun og frárennsli frá svínabúinu.

1.5.4 Slátrun

Í lok eldistímans eru grísirnir fluttir til slátrunar. Að lokinni slátrun er kjötið flutt til kaupenda.

1.5.5 Fóðrun

Svínabúið framleiðir eigið fóður í fóðurstöð sinni. Framleitt er fóður vegna fóðrunar á öllum stigum eldisins. Í fóðurstöðinni er kornið malað og því blandað saman við önnur íblöndunarefni og búin til sérhæfð fóðurblanda fyrir hvert eldisstig. Þessum fóðurböndum er síðan dælt inn í svínahúsin í gegnum fóðurkerfi búans.

1.5.6 Hreinsivirki

Hreinsivirki er starfrækt við búið. Hreinsivirkið tekur við mykju úr flórum svínahúsanna og skilur að þurr- og blauthluta efnisins. Blauthluta er dælt á haf út en þurrhlutinn er borinn á tún í landi Brautarholts. Verið er að vinna áhættumat fyrir þennan þátt.

1.6 Stærð fyrirtækisins

Árið 2006 voru 7 fastráðnir starfsmenn við svínabú Rekstrarfélagsins Brautar ehf í Brautarholti. Heildarframleiðsla svínabúsins á árinu 2006 var 9.456 sláturgrísir og 3.102 fráferugrísir sem seldir voru til annara búa.

1.7 Umhverfisþættir í grænu bókhaldi

Í starfsleyfi svínabúsins í Brautarholti er kveðið á um starfsreglur og skilyrði vegna þeirra umhverfisþátta sem helst eru taldir geta haft neikvæð áhrif á umhverfið. Þættirnir eru:

- Umfang eldisins
- Söfnun, úrvinnsla og fráveita úrgangs frá svínahúsum
- Geymsla og förgun á lifrænum úrgangi

Í skýrslunni er lögð áhersla á að greina þessa þætti.

1.8 Aðkoma starfsmanna að grænu bókhaldi


Björn Jónsson, bústjóri Rekstrarfélagsins Brautar ehf annast stærstan hluta gagnaöflunar varðandi grænt bókhald hjá fyrirtækinu. Hann heldur utan um magnatölur varðandi eldsneyti, íblöndunarefni, hreinsiefni, ýmsar rekstrarvörur og smurefni, auk talna um slátrun. Bústjóri annast utanumhald um fóðurnotkun og frárennsli frá svínabúinu.

2 Yfirlýsing stjórnar Rekstrarfélagsins Brautar ehf

Markvisst er unnið að umbótum í umhverfismálum með því að leggja áherslu á bættu nýtingu aðfanga ásamt því að minnka hlutfallslegt magn úrgangs. Þannig er ávalt leitast við að bæta fôðurnýtinguna ásamt því að markvist hefur verið farið í aðgerðir sem bæta nýtingu orku á búinu. Við losun úrgangs er þess gætt að hann valdi sem minnstum skaða í umhverfinu.

Stjórn Rekstrarfélagsins Brautar ehf staðfestir hér með þær upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu um Grænt bókhalds svinabús félagsins í Brautarholti vegna ársins 2006.


Reykjavík, september 2007


Óskar Josefsson

3 Staðfesting endurskoðanda

Undirritaður staðfestir að hafa endurskoðað tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslu Rekstrarfélagsins Brautar ehf um grænt bókhald fyrir árið 2006 í samræmi við 10 gr reglugerðar 851/2002. Þessi skýrsla er lögð fram af stjórnendum félagsins og á þeirra ábyrgð í samræmi við lög og reglur.

Reykjavík 6. september 2007,


Asgeir Harðarson

agro

agro ehf • 116 Kjalarnesi
asgeir@agro.is • www.agro.is
Sími 894 3065

4 Umhverfisstefna Rekstrarfélagsins Brautar ehf

Rekstrarfélagið Braut ehf hefur markað sér formlega stefnu í umhverfismálum. Helstu þættir umhverfisstefnunnar eru:

- Að starfa í sátt við umhverfið og náttúruna.
- Að haga starfsemi í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál og í samræmi við stefnu búans.
- Að stuðla að nauðsynlegum umhverfisrámsóknum, mælingum, skráningu, ásamt mati á umhverfisáhrifum og birta niðurstöður.
- Að efla umhverfisvitund og áhuga starfsmanna á mikilvægi umhverfismála.
- Að vera leiðandi í að efla bestu venjur í starfsgrein búans.

5 Lykiltölur

5.1 Framsetning

Í skýrslunni eru upplýsingar settar fram með tölulegum hætti í töflum. Leitast er við að hafa skýrsluna stutta og hnitmiðaða þannig að hún gefi auðveldla yfirsýn yfir stöðu umhverfisþátta í Grænu bókhaldi.

5.2 Takmarkandi ákvæði í starfsleyfi

Eftirfarandi þættir eru háðir takmörkunum í starfsleyfi svínabúans:

Þáttur	Mörk
Fjöldi fullorðinna dýra	680
Fjöldi dýra í eldissvínahúsum	6.000
Heildarársframleiðsla (dýr)	12.000

Auk framangreindra ákvæða eru í starfsleyfinu skilgreind fjarlægðarmörk frá íbúðarhúsum, heilbrigðisstofnum og skólum vegna dreifingar svínamykju. Þá er kveðið á um lágmarksgetu búans til að safna mykju til dreifingar.

5.3 Framleiðsla og fjöldi dýra

Framleiðslumagn og fjöldi dýra sbr. takmarkanir í kafla 5.2 eru eftirfarandi:

Þáttur	Staða 31.12.2006	Meðalstaða árið 2006	Staða 31.12.2005
Fjöldi fullorðinna dýra	636	608	579
Fjöldi dýra í eldissvínahúsum	4.427	4.678	4.929
Heildarársframleiðsla (dýr)	12.558	12.084	11.610

5.4 Hráefni, hjálparefni og auðlindir

5.4.1 Hráefni

Hráefni svínabúans eru fyrst og fremst fôður og íblöndunarefni. Fôðrið samanstendur af heilu korni sem malað er í fôðurstöð búans, próteingjöfum, fitu og vítamínblöndum.

Notkun hráefna var eftirfarandi:

Þáttur	Magn kg árið 2006	Magn kg árið 2005	Magn kg árið 2004
Fóðurkorn kg	3.379.230	3.492.036	
Fiski- og loðnumjöl kg	144.542	174.223	
Fita kg	13.520	14.267	
Vítamín og steinefni kg	103.024	113.288	
Samtals kg	3.640.316	3.793.814	4.754.971

5.4.2 Hjálparefni

Hjálparefni svinabúsins eru fyrst og fremst efni sem notuð eru sem íblöndunarefni í fóður og vatn handa svinunum. Þá er um að ræða bóluasetningarefni og ýmis lyf sem notuð eru bæði til að fyrirbyggja sjúkdóma og til lækninga.

Þáttur		Magn kg árið 2006	Magn kg árið 2005	Magn kg árið 2004
Sýrur	kg	0	100	1.200
Bólusetningarefni	ml	20.560	91.000	300
Lyf	ml	91.790	97.200	98.300

5.4.3 Auðlindir

Auðlindir sem nýttar eru við rekstur svinabúsins eru fyrst og fremst eftirfarandi: Notkun á köldu vatni er áætluð út frá vatnsnotkun dýranna sem er reiknuð 5 ltr á sláturgris á dag og 18ltr á gyltur að viðbættum 15% vegna þvotta.

Þáttur		Magn kg árið 2006	Magn kg árið 2005	Magn kg árið 2004
Rafmagn	kWst	633.687	601.884	715.217
Olía	ltr	10.530	11.183	14.575
Heitt vatn	tonn	20.743		16.954
Kalt vatn	tonn	23.500	73.922	

5.5 Umhverfispættir

5.5.1 Mengunarpættir í framleiðsluferli og -vörum

Í framleiðsluferli svinabúsins eru notuð lyf. Öll lyf hafa ákveðinn fyrmingartíma í skrokki dýranna og því er lyfjagjöf hagað þannig að tryggt sé að engar leifar þeirra séu í blóðrás og vefjum við slátrun. Ekki er um að ræða mengandi efni í framleiðsluvörum svinabúsins.

5.5.2 Mengunarefni í frárennsli

Svinamykju er safnað í flóra og dælt í hreinsivirki. Þar á sér stað aðskilnaður, þannig að þurrhluti mykjunnar er skilinn frá blauthlutanum. Blauthlutanum er dælt út í sjó samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Þurrhluti er settur í þar til gerða geymslu, þaðan sem honum er dreift á tún Brautarholts samkvæmt ákvæðum starfsleyfis.

Magn svinamykju og skipting blaut- og þurrefna er áætluð eftirfarandi:

Þáttur		Magn kg árið 2006	Magn kg árið 2005	Magn kg árið 2004
Heildarmagn svinamykju	tonn	14.600	14.708	14.847
Áætlað magn þurrhluti	tonn	2.190	2.208	2.227
Áætlað magn blauthluti	tonn	12.410	12.500	12.620

5.5.3 Mengunarefni í útblæstri, lyktarmengun

Nokkur lykt getur fylgt starfsemi svinabúa. Reynt er að lágmarka lyktina eins og kostur er. Mikil vinna hefur verið lögð í að leita leiða til að hreinsa útblástursloft frá svinabúinu. Gerð hefur verið úttekt á húsnæðinu m.t.t. þess og verkfræðistofan Línuhönnun hefur komið með mismunandi tillögur að útfærslu sem verið er að vinna úr.

Rekstraraðilar eru meðvitaðir um þennan áhættuþátt og reyna að lágmarka hugsanlega lyktarmengun.

Notast er við olíu sem orkugjafa á flutningatæki búsins. Flutningatækin hafa mengunaryrnarbúnað sem uppfyllir kröfur opinberra aðila.

5.5.4 Annar lífrænn úrgangur

Annar lífrænn úrgangur sem kemur frá búinu eru m.a. skrokkar af dýrum sem drepast á búinu, auk úrkasts í sláturhúsum. Á árinu 2006 var alls um að ræða 40.760 miðað við 73.740 kg af slíkum úrgangi 2005 og 130.460 kg. árið 2004. Dauðum skrokkum er safnað í gám við svinabúíð og eru skrokkar urðaðir í Álfsnesi.

5.5.5 Annar úrgangur

Annar úrgangur samanstendur af sorpi frá svinabúinu. Þessi úrgangur er settur í gáma og er hann urðaður í Álfsnesi. Á árinu 2006 var alls um að ræða 7.830 kg slíkum úrgangi samanborið við 6.490 kg árið áður og 21.850 kg. árið 2004.

5.5.6 Önnur efni sem geta valdið mengun

Notkun efna sem geta mengað umhverfi sitt í rekstri svinabúsins eru helst umbúðir undan lyfjum og öðrum rekstrarvörum, málmar og rafhlóður. Lyfjaumbúðir og lyfjaafgangar eru aðgreindir frá öðru sorpi og fargað sérstaklega. Rafhlóðum var ekki safnað á skipulegan hátt, heldur voru þær urðaðar með öðrum úrgangi fyrirtækisins. Um mjög lítið magn var að ræða.

5.5.7 Eigið eftirlit og skráningar

Samkvæmt starfsleyfi fer fram eigið eftirlit og skráning á eftirtöldum þáttum:

- Tæmingu á flórum
- Mánaðarlega stöðu í mykjutönkum
- Þrif á deildum
- Förgun, nýtingu og endurvinnslu úrgangs s.s. dreifing svinamykju/þurrhluta (dags., magn, staðsetningu, vindátt), magn lífræns úrgangs (dýrahæ)
- Notkun íbætiefna í flóra og mykjutanka
- Kvartanir vegna starfsemi búsins

Þá er haldið saman upplýsingum um heildarfjölda slátraðra dýra og fjölda dýra á efra og neðra búi. Þessum upplýsingum er skilað til Umhverfis- og heilbrigðisstofu.

